

Reglur um flokkun viðskiptavina



FOSSAR

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 51.-55. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og framseldrar reglugerðar ESB nr. 2017/565 um skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja.
- 1.2. Flokkun viðskiptavina er mikilvægur þáttur í fjárfestavernd, þar sem réttarvernd viðskiptavina er mismunandi eftir því í hvaða fjárfestaflokk viðskiptavinur fellur. Almennir fjárfestar njóta mestrar verndar samkvæmt lögum, en fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar njóta minni verndar.
- 1.3. Tilgangur þessara reglna er að tryggja samræmt verklag við flokkun viðskiptavina, og tilgreina þau skilyrði sem viðskiptavinir þurfa að uppfylla ef óskað er eftir breyttri flokkun.

2. Ábyrgð

- 2.1. Starfsmenn sem taka á móti fyrirmælum viðskiptavina um fjárfestingarþjónustu bera ábyrgð á að reglum þessum sé framfylgt í verki.
- 2.2. Komi upp vafi við framkvæmd eða túlkun reglnanna skal leita álits regluvarðar.

3. Flokkun viðskiptavina

- 3.1. Við upphaf viðskiptasambands skulu Fossar hafa flokkað viðskiptavini sína sem viðurkennda gagnaðila, fagfjárfesta eða almenna fjárfesta.
- 3.2. Fossar skulu veita viðskiptavinum upplýsingar á varanlegum miðli um flokkun þeirra, rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess, þ.m.t. takmarkanir á umfangi verndar viðskiptavina eftir flokkun.

Fagfjárfestar

- 3.3. Með fagfjárfestum er átt við viðskiptavini sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Eftirfarandi aðilar teljast fagfjárfestar:
 - a) Lögaðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki og fjármálastofnanir, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
 - b) Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða, hvað varðar fjárhæðir sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni:
 - i. Heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20 mill. evra (EUR) í íslenskum krónum eða hærri.
 - ii. Hrein ársvelta er jafnvirði 40 millj. evra (EUR) í íslenskum krónum eða meiri.
 - iii. Eigið fé er jafnvirði 2 millj. evra (EUR) í íslenskum krónum eða meira.

- c) Ríkisstjórnir, héraðsstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
- d) Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.
- e) Aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar á grundvelli 54. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.

3.4. Fossar skulu upplýsa fagfjárfesti um að hann geti óskað eftir að farið verði með hann sem almennan fjárfesti. Aukin vernd verður einungis veitt fagfjárfestum þegar gert er skriflegt samkomulag við Fossa þess efnis að ekki verði farið með viðkomandi sem fagfjárfesti. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

Viðurkenndur gagnaðili

- 3.5. Með viðurkenndum gagnaðila er átt við viðskiptavin sem fellur undir a-, b- eða c-lið 13. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.
- 3.6. Þegar Fossar eiga viðskipti við viðurkenndan gagnaðila skal afla fyrir fram staðfestingar frá viðskiptavini þess efnis að hann skuli teljast viðurkenndur gagnaðili. Heimilt er að afla staðfestingar með almennu samþykki eða samþykki vegna einstakra viðskipta.
- 3.7. Viðurkenndum gagnaðila er heimilt að krefjast þess að Fossar fari með hann sem fagfjárfesti eða almennan fjárfesti í viðskiptum sínum. Ef viðurkenndur gagnaðili fer fram á aukna vernd, en fer ekki ótvírætt fram á að fá meðferð sem almennur fjárfestir og Fossar samþykkja þessa beiðni, skal farið með hann sem fagfjárfesti.
- 3.8. Viðurkenndum gagnaðila er enn fremur heimilt að fara fram á að Fossar fari eftir reglum um fjárfestavernd sem mælt er fyrir um í 33.–41. gr., 44.–46. gr., 48. gr. og 1.–2. mgr. 49. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, í viðskiptum sínum við hann.

Almennur fjárfestir

- 3.9. Með almennum fjárfesti er átt við viðskiptavin sem hvorki er fagfjárfestir né viðurkenndur gagnaðili.
- 3.10. Almennur fjárfestir getur óskað eftir að farið verði með hann sem fagfjárfesti ef skilyrðum 5. greinar er fullnægt.

4. Breytingar sem hafa áhrif á flokkun

- 4.1. Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna Fossum um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta.
- 4.2. Fossum ber að grípa til viðeigandi aðgerða verði félaginu kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagfjárfesti.

5. Skilyrði sem almennur fjárfestir þarf að fullnægja til að verða flokkaður sem fagfjárfestir

- 5.1. Almennur fjárfestir getur óskað eftir því að teljast fagfjárfestir almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Slík ósk þarf að berast Fossum skriflega á þar til gerðu eyðublaði.

Fossar skulu leggja mat á sérfræðikunnáttu, þekkingu og reynslu viðskiptavinar og hvort hún veiti nægilega vissu fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Til að farið verði með viðskiptavin sem fagfjárfesti skal hann uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

- a) Viðskiptavinur skal hafa átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali að minnsta kosti tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi.
 - i. Einstaklingur sem óskar eftir að verða fagfjárfestir þarf sjálfur að hafa átt umrædd viðskipti fyrir eigin reikning og á eigin áhættu. Sýna verður fram á reynslu í þeim tegundum viðskipta sem ósk viðskiptavinar um að verða fagfjárfestir nær til. Sem dæmi má nefna að ef viðskiptavinur hefur eingöngu átt viðskipti með ákveðna tegund fjármálagerninga en óskar eftir að verða fagfjárfestir í öllum viðskiptum sínum er varhugavert að samþykkja færslu hans á milli flokka þar sem hann hefur þá ekki tilskylda reynslu sem gera má ráð fyrir hjá fagfjárfestum.
 - ii. Við mat á því hvenær viðskipti eru „umtalsverð“ skal athuga hvort einstaka fjárfestingar er nógu stórar til að útsetja viðskiptavininn gagnvart viðkomandi markaði, þannig að hann hafi öðlast nauðsynlega sérhæfingu, reynslu eða þekkingu á fyrirhuguðum viðskiptum.
 - iii. Ef um lögaðila er að ræða, sem óskar eftir að verða fagfjárfestir, er litið til þeirra viðskipta sem framkvæmd hafa verið fyrir hans hönd og fyrir hans reikning. Ekki er litið til persónulegrar reynslu forsvarsmanna lögaðilans. Að öðru leyti gilda ákvæði a) liðar.
 - iv. Viðskiptavinur sem stundað hefur viðskipti á viðeigandi markaði í minna en eitt ár getur ekki uppfyllt skilyrði a) liðar, þar sem gerð er krafa um að metin séu viðskipti síðustu fjögurra ársfjórðunga. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að skilyrði b) og c) liðar séu uppfyllt.
- b) Verðgildi fjármálagerninga og innstæðna fjárfestis skal samanlagt nema meira en jafnvirði 500 þúsund evra, m.v. opinbert viðmiðunargengi hverju sinni.
 - i. Líta skal til persónulegrar nettóeignar viðskiptavinar. Til eignar í fjármálagerningum teljast fjármálagerningar, eins og þeir eru skilgreindir í 4. gr. laga um fjármálagerninga nr. 115/2021.
- c) Viðskiptavinur skal gegna eða hafa gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu í fjármálageiranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu.
 - i. Viðskiptavinur sem er einstaklingur þarf að hafa í starfi sínu metið áhættur af fjárfestingum og haft aðkomu að fjárfestingarákvörðunum, hvort sem er fyrir fyrirtækið/sjóðinn sem viðkomandi starfar/starfaði hjá eða viðskiptavini. Meta skal einnig hvort starfsreynsla viðkomandi aðila sé í samræmi við þær tegundir fjármálagerninga sem viðskiptavinur hyggst eiga viðskipti með.
 - ii. Viðskiptavinur sem ekki starfar í fjármálageiranum getur uppfyllt þetta skilyrði ef viðkomandi hefur haft það að starfi í a.m.k. eitt ár að bera ábyrgð á fjárfestingum og meta áhættu þeim tengda, sbr. t.d. fjárfestingarstjóri hjá lífeyrissjóði eða fjárfestingarfélagi.
 - iii. Litið er til þekkingar þess starfsmanns lögaðila sem ber ábyrgð á fjárfestingum hans og metur áhættu þeim tengdum. Að öðru leyti gilda ákvæði i) og ii) liðar.

- 5.2. Til viðbótar leggja Fossar sjálfstætt mat á hvort orðið skuli við ósk viðskiptavinar um að færa hann í flokk fagfjárfesta.
- 5.3. Fossar gera viðskiptavini skýra grein fyrir þeirri réttarvernd og þeim bótarétti sem hann kann að verða af við færslu í flokk fagfjárfesta. Viðskiptavinur skal staðfesta skriflega að hann hafi kynnt sér yfirlit Fossa yfir flokka fjárfesta.

6. Skjölun og eftirfylgni

- 6.1. Fossar skulu skjala öll samskipti og skjöl í tengslum við flokkun viðskiptavina.
- 6.2. Regluvörður skal hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

Samþykkt af stjórn Fossa markaða hf. hinn 15. mars 2015

Þannig breytt af stjórn Fossa markaða hf. hinn 28. október 2016

Þannig breytt af stjórn Fossa markaða hf. hinn 14. janúar 2022

Þannig breytt af stjórn Fossa fjárfestingarbanka hf. hinn 26. febrúar 2024

****undirritað rafrænt****